


Lífeislar

TIMARIT UM LIFSAVOND VIÐ AÐRAR STJORNUR 54 TBL 11 ÁRG NOVEMBER 1985



Sífellt vaxandi samstilling til sífellt æðra lífs, er takmarkið.

Helgi Pjeturss.

Reikistjarnan Merkúr

(Sjá forsíðumynd)

Merkúr er sú jarðstjarna sólhverfisins, sem gengur næst sólu. Varla verður Merkúr séður berum augum.

Yfirborð hans er mjög þakið gígum, stórum og smáum, og líkist að því leyti tunglinu.

Nokkrar staðreyndir um Merkúr: Meðalfjarlægd frá sólu: 58 milljón km. Þvermál: 4880 km. Eðlisþyngd: 5,4. (Vatn = 1). Umferðartími um sól: 88 dagar. Brautarhraði: 47,9 km á sekúndu. Hitastig yfirborðs sólarmegin um 300° C. Hitastig yfirborðs á myrkurhlið um $\div 17^{\circ}$ C. Efnismagn: 0,055 af efnismagni jarðar. Rúmmál: 0,06 af rúmmáli jarðar.

Alls engar líkur eru á að líf í nokkurri mynd geti þróast á Merkúr. Til þess er hnötturinn of nálægt sólu, munurinn á hita dags og kulda nætur allt of mikill, auk þess sem þarna er algjört loftleysi.

Ingvar Agnarsson.

Ingvar Agnarsson

Hellar og menn á öðrum hnetti

*Undirbúningur þess, að bjarga mönnum úr illum
stað.*

Mig dreymdi draum sem mér finnst að hafi staðið yfir lengi. Og ég held, að allur hafi hann verið merkilegur í raun og veru. En því miður man ég fátt úr löngum kafla í miðhluta þessa draums, aðeins smáglampa, og finnst mér þó, að í þeim hálfgleymda kafla hans hafi margt athyglisvert borið fyrir augu draumgjafa míns og að fróðlegt hefði verið að muna það betur. En úr því verður nú ekki bætt, og segi ég því að eins frá því, sem ég man með vissu.

I *Draumsaga*

Tilgangur farar.

Mér þótti ég vera á stað, sem mér væri með öllu ókunnur. Væri ég hér kominn til að kynna mér hann sem best og einkum þó líðan og lífskjör þess fólks, sem hér hefðist við. Ætti ég svo að koma þessari vitneskju til einhverra sem hefðu sent mig. Væri og ætlun þeirra, að gera hingað út leiðangur, að ferð minni lokinni, og freista þess að ná héðan öllum þeim mönnum er unnt væri og hug hefðu á að losna úr þessum stað.

Hellirinn mikli.

Draumurinn hefst með því að ég þykist staddur vera á einhverjum vinnustað, geysilega stórum. Helst þótti mér þetta vera inni í miklu fjalli. Þetta leit út sem hvelfing eða mikill hellir. Sá ég að víðir gangar lágu út frá honum

í ýmsar áttir, sumir lárétt út frá aðalhellinum, en aðrir lágu niður á við og enn aðrir upp á við. Þrátt fyrir að hér væru hellar og berggöng mörg, fannst mér allt vera vel bjart, en ekki tók ég eftir hver væri ljósgjafinn eða af hverju þessi birta stafaði.

Sá ég, að hér vann mikill fjöldi manna við einhver störf. Stóðu þeir allir við löng borð og handfjölluðu ýmsa hluti og efni, er voru á borðunum. Þótti mér þeir vera að búa til einhverja gripi og vandgerða. Það þóttist ég og skilja, að birtan, sem hér var ríkjandi, væri mönnunum nauðsynleg, svo að þeir sæju vel til, við þessi vandasömu störf. Það þóttist ég sjá, að menn þessir væru allvel haldnir, eftir útliti þeirra að dæma. Þeir voru háir vextir og vel limaðir. Allir voru þeir klæddir gráum fótum eða öllu heldur mógráum.

Ég átti þarna stutt tal við mann nokkurn. Rétti hann mér — og þó heldur laumulega — eitthvert áhald úr járni. Þótti mér hann gera þetta af góðfýsi í minn garð og skildist mér að ég ætti jafnan að bera það á mér. Þetta líktist helst barefli eða e.k. kylfu.

Gangarnir löngu

Og nú lagði ég af stað eftir víðum gangi sem lá upp á við. Gekk ég all lengi eftir honum. Sá ég að víða voru menn að ýmsum störfum í ýmsum útskotum. Unnu þeir standandi við borð, eins og sá hópur manna, er ég lýsti hér á undan. Hér var líka alstaðar sama birtan. Eitthvað talaði ég við suma þeirra.

En svo sá ég líka aðra „menn“ sem voru á ferli og ekki voru að vinna. Þótti mér þeir vera eftirlitsmenn eða verkstjórar yfir starfsmönnunum. En því tók ég eftir, að þessir eftirlitsmenn voru öðruvísí útlits en hinir. Þeir voru klæddir á anna hátt og andlit þeirra voru rauð og þrútin, og höfuð þeirra voru kúlulaga og á ýmsan hátt öðruvísí en hinna. Ekki veitti ég þeim samt svo mikla athygli í bili, að ég muni vel eða geti lýst. Mér stóð nokkur stuggur af þessum sérkennilegu „mönnum“. En mér þótti ég hafa nokkurn styrk af bareflinu, sem ég hafði í hendi og mundi mér því vera óhætt.

Nú fór ég víða um eftir öllum þessum hellum. Tók það

mig langan tíma og varð ég margs vísari, sem mér þótti merkilegt, en því miður get ég engan veginn munað glöggt neitt úr þessum kafla draumsins, sem mér finnst þó að hafi staðið yfir alllengi. Þó minnist ég þess að hafa átt tal við nokkra af mönnunum, sem voru við hin ýmsu störf og fengið hjá þeim einhverjar upplýsingar.

Einnig minnist ég þess, að á einum stað gekk ég út úr hellisgöngum og kom undir bert loft. Var þarna hvilft nokkur í klettavegg utan á fjallinu, og gekk ég fram á brúnina. Sá ég að langt fyrir neðan ólgaði sjór við klettana. Sneri ég skjótt við aftur, og gekk inn í göngin, sömu leið og ég hafði komið.

Vinsamleg viðvörðun.

Bjóst ég nú til að snúa aftur niður eftir göngunum víðu sem ég hafði fyrst komið eftir. Ég lagði frá mér bareflið, skildi það eftir á stalli einum. Svo gekk ég af stað, niður á við. Þá heyrði ég kallað að baki mér: „Taktu þetta með þér. Þér gæti orðið hált á því að skilja það við þig.“ Ég leit við og gekk til baka. Þetta var góðlegur maður, sem kallað hafði, og þótti mér hann vera að ráðleggja mér heilt.

Ég tók með mér kylfuna og hélt á henni í hægri hendi.

Aftur í hellinum stóra.

Svo gekk ég niður göngin og kom í hvelfinguna stóru eða hellinn sem fyrr er sagt frá. Þarna voru allir önnum kafnir sem áður. Þeir unnu standandi við einhverskonar borð eða bekki. Ég fór að veita þeim nánari athygli en áður og sá, að allir voru þeir að útliti nákvæmlega eins og hvítir menn okkar jarðar. Ég tók í einn mannanna og horfði beint í andlit honum. Já, það var ekki um að villast. Hann var alyeg eins og jarðarbúi, gæti vel verið norrænn maður eða Íslendingur. Sjálfur þóttist ég einmitt vera frá jörðinni. En annað er mér óljóst um sjálfan mig.

Jarðarmenn hér.

Ég var fariinn að hafa það á tilfinningunni, að hér væri ég ekki á Jörðinni (eða þeirri jörð, sem ég væri frá), heldur

væri ég nú á öðrum hnetti, sem byggður væri að meginhluta öðru mannkyni og öðruvísí. En hvernig stóð þá á því, að hér voru samt svo margir menn alveg eins útlits og við jarðarbúar? Ég var að velta þesu fyrir mér. Og loks skaut upp í huga mér þessari spurningu: „Getur það verið, að menn af minni jörð hafi flutst hingað, á annan hnött? Og hversvegna eru þeir þá á þessum ömurlega stað?”

Jarðarmaður, vinur minn.

Ég hélt áfram niður víð göng, og kom þar sem menn voru að starfa. Einn maður vakti sérstaka athygli mína. Mér þótti hann bjóða af sér góðan þokka. Ég gekk til hans, snerti hann og horfði beint framan í hann. Andlitið var frítt og svipurinn allur góðlegur, og mér fannst auðsætt, að hann væri í engu frábrugðinn jarðarmönnum (allt útlit hans var norrænt eða íslenskt). Ég vogaði að spyrja hann: „Ertu frá Jörðinni?” „Já,” svaraði hann, „ég er frá jörðinni.”

Hinn illi „maður.”

Ég ætlaði að fara að spyrja hann meira. En þá sá ég að „maður” kom gangandi upp göngin. Hann stansaði skammt frá okkur. Auðséð var að hann var ekki „jarðarmaður,” hann var af allt öðru bergi brotinn. Ég horfði á hann og veitti honum allnána athygli. Og ég sá, að hann var sömu gerðar og þeir skrítnu menn, sem ég hafði rekist á í hellisgöngunum, þar sem ég hafði áður farið en ekki veitt þeim nána athygli.

Hann var nokkru lægri en viðmælandi minn, klæddur svörtum, skrautlegum fötum, sem gljáði á. Hann var þakinn ýmsu skrauti eða e.t.v. einskonar orðum, sem glóðu. Breiður borði, rauðleitur, og allur útflluðraður, lá yfir vinstri öxl hans á ská yfir brjóstið og yfir um mitti hans hægra megin. Og á höfðinu var einhverskonar höfuðfat, — með stórum börðum — svart, en flúrað gullnum merkjum. Aldrei hef ég séð slíkan klæðnað, ekki heldur á myndum.

En sérkennilegast var andlitið. það var kringlótt og

blóðrautt og allt eins og þrútið og smábólótt. Augu, nef og munnur voru reyndar á sömu stöðum og á mennskum manni. En þó var hér á mikill munur. Petta var einskonar afbrigði af mannsandliti, og mér fannst það ljótt og ógeðslegt.

Mér fannst allur svipur þessa „manns” og yfirbragð lýsa hroka og mikilmennsku, yfirlæti og þóttu. Augun voru stingandi og eins og væru þau rauðglóandi og mér fannst þau geisla frá sér illsku og hatri.

Hinir illu straumar.

Ég fann sterk áhrif og óþægileg frá þessum „manni”. Þau læstu sig um mig. Það fór um mig kuldahrollur. Ég átti bágð með að þola návist þessarar veru. Mér þótti „maður” þessi vera yfirmaður eða yfirstjórnandi alls þessa mikla vinnustaðar og að allir stjórnendurnir, sem ég áður hafði séð, og höfðu svipað útlit, væru í raun þjónar hans og undirsátar, sem ættu að sjá um að allir „jarðarmennirnir” ynnu svikalaust, að viðlögðum refsingum.

Þessi illa mannvera ávarpaði mig kuldalega: „Hvað ert þú að gera hér? Hver sendi þig?” Pótt mér stæði ógn af honum, herti ég upp hugann og sagði: „Ég er hér til að afla fróðleiks um ástand þessa staðar og þeirra sem hér starfa.” Ég sá andlit hans eins og afmyndast og verða enn illilegra en áður og ég fann illa orkustrauma leggja frá honum og fylla mig skelfingu. Hann sagði hörkulega og skipandi: „Komdu þér héðan sem fyrst, og vertu ekki að tefja mitt folk.”

Og ég eins og fann á mér, að hann vildi mér allt illt, og einkum þó, að hann hyggðist láta skjólstæðing minn fá að kenna á valdi sínu og hörku. Svo sneri hann sér við, og gekk frá okkur upp göngin.

Konan dökkklædda.

Nú sá ég, að rétt á eftir honum gekk einhver mannvera. Ég sá aftan á hana. Hún var svartklædd, þ.e. hún var sveipuð svörtum þunnum hjúp. Mér fannst hún vera grönn og öll heldur vesældarleg og raunar líkust skugga af mannlegri veru. Það var ekki alveg laust við að ég fengi

einhvern vott af samúð með henni. Svo hurfu þau mér bæði úr augsýn.

Maðurinn sem hjá mér stóð bentí á hana og sagði í hálfum hljóðum: „Sjáðu konuna þarna. Hún fylgir honum hvert sem hann fer.“

„Orsök ógæfu minnar.“

Ég sneri mér aftur að manninum. Mér fannst allt í einu, mér þykja ákaflega vænt um hann og mér skildist að sennilega ætti hann mjög bágð. Ég tók utan um hann, þrýsti honum að mér og umfaðmaði hann. Hann tók atlótum mínum og faðmaði mig á móti fast og innilega. Ég fann hlýjuna og ástúðina leggja um mig og fylla sálu mína unaðskennend og sterkri samúð.

Ég sagði við hann: „Hvernig stendur á því, að þú hefur lent hérna?“ Hann svaraði: „Það er allt vegna konunnar, sem ég bentí þér á. Ég elskaði hana innilega. Það var hennar sök, að samband okkar fór út um þúfur. Síðan hef ég hataði hana. Hún varð orsök þess að ég lenti hér.“

Átta hundruð ára dvöl.

Ég spurði: „Hvað er langt síðan þú komst hingað?“ „Þetta gerðist nálægt árinu 1200.“ svaraði hann.

Ég varð stórlega undrandi yfir að heyra þetta. Ég svaraði honum: „Hvað er að heyra þetta! Hefurðu virkilega verið hér í allt að 800 ár, á þessum illa stað? Hefurðu hat-að konuna allan þennan tíma?“

„Já,“ svaraði hann, „allan þennan tíma hef ég hatað hana af heilum huga, því allt ólán mitt er henni að kenna.“

Útrýming haturs getur bjargað.

Ég sagði við hann: „Ég vil þér vel. Vittu að ég er vinur þinn og vil ráða þér heilt. Reyndu að útrýma hatrinu úr huga þínnum. Þér skal takast það. Þetta er eina leiðin til þess að þú losnir héðan, og þá mun bíða þín nýtt líf og fagurt. Og ég skal reyna að hjálpa þér af öllum mætti.“

Ég þóttist nú allt í einu skilja að ógæfa hans og ógæfa konunnar færi saman, og að honum yrði vart bjargað án þess að henni yrði einnig bjargað. Og ég hélt áfram og sagði við hann:

,,Konan á líka bágt.”

„En nú skal ég segja þér nýjan sannleika. Þú verður að minnast þess, að konan, sem þú hatar, á líka bágt. Ef til vill líður henni enn verr en þér, því hún hefur orðið að þola hatur þitt öll þessi ár, og einmitt það kann að hafa leitt til þess að hún hefur orðið háð illmenninu, sem hefur hana á valdi sínu. Svo kann að fara að erfitt verði að losa þig héðan, án þess að einnig henni verði bjargað. Því þið, eruð tengd saman með nokkurum hætti. En þá verður þú að eiga þinn þátt í því, og hætta að hata hana. Góðvildin er það eins sem gildir.”

Upphaf hugarfarsbreytingar.

Ég fann að hann faðmaði mig að sér enn hlýlegar en áður, og mér fannst hann vera mér þakklátur, og að nú ætlaði hann sér að reyna, að fara að ráðum mínum. Svo losaði hann sig úr faðmi mér. „Nú verð ég að fara til minna starfa”, sagði hann dapurlega og gekk frá mér.

Mér varð litið út að gangaveggnum andspænis mér. Þar voru nokkur op með stuttu millibili. Þau voru ferhyrnd og ekki hærri en svo sem einn metri. Ekki sá neitt inn í þessi op, því þar var algjört myrkur að sjá innifyrir. Þótti mér þetta vera byrjun á löngum göngum, sem lægju inn í bergið, og væru þarna unnin einhver efni úr klettunum.

Aftur til starfa.

Vinur minn gekk að einu þessara þróngu opa og skreið þar inn á fjórum fótum. Þótti mér leitt að sjá á eftir honum þarna inn og að mér læddist grunur um, að hann yrði látinna gjalda þess með einhverjum hætti og e.t.v. grimmi-lega, að hafa verið að tala við mig og sýna mér trúnað.

En þó fannst mér innst inni, að e.t.v. yrði nú þessi stutta viðkynning okkar, upphaf þess, að hann mætti losna héðan og komast til annars staðar sem betur ætti við hið eig-inlega innræti hans.

Hér endaði draumurinn.

II

Umsögn um framanskráðan draum.

Framansagður draumur mun eiga rót að tekja til sambands míns við draumgjafa á öðrum hnetti. Sambandsvinur minn þar hefur farið í einskonar kynnisför til umrædds síðar. Og einhverjur fleiri eru þessum sendiboða vinveittir þar dvelja við ömurlegar aðstæður, og tilgangur ferðarinnar hefur óefað verið sá, að finna leið til björgunar þeirra. Og hann finnur a.m.k. einn mann, sem líklegur er til að taka sinnaskiptum, svo auðveldara yrði um hjálp síðar. Og einhverjur fleir eru þessum sendiboða vinveittir, og kemur það vel fram, t.d. hjá þeim sem léði honum kylfuna til varnar. Allir munu þessir menn vera einskonar fangar á þessum stað, og líklega komnir þangað við andlát á framlífshnetti, vegna rangsnúinnar breytni. Munu sumir þeirra e.t.v. vera búinir að dvelja þarna lengi, jafnvel svo öldum nemi.

En nú munu einhverjur kærleiksríkir vinir á öðrum stað vita til þeirra og vera að gera tilraun þeim til björgunar. Og er vonandi að það takist.

Draumviteskja mín er um atburð, sem nú er að gerast og leggur mér þær skyldur á herðar, að segja frá þessum draumi, þesari sambandsskynjun, og fá aðra hér til að hugsa hlýtt til þessara manna, sem reynt er að bjarga, og til þeirra hjálpenda sem hér leggja sig fram í því skyni og vafalaust ekki án áhættu. Með þessu móti gætum við hér e.t.v. átt örlítinn þátt í því, að tilraun hjálpendanna megi takast. Því hugaraflið, líforkan, getur náð til þeirra þótt á öðrum hnetti séu og orðið nokkur stuðningur þessum lengra komnu, í viðleitni þeirra. Þannig gætum við orðið

örlítið virkir þátttakendur í þessu hjálparstarfi þeirra, sem óefað kostar þá fórnir og áhættu.

Nú mun þessi draumgjafi minn hafa verið þarna í sínum könnunarleiðangri einmitt á þeirri stundu, sem mig var að dreyma — og vafalaust hefur hann lagt sig þar í allmikla áhættu, en vonandi hefur stuðningur samstillra vina hans í fjarlægð dugað honum.

Mér er mjög hugsað til mannsins, sem draumgjafi minn átti hin nánu samskipti við. Ég óttast að hann hafi verið láttinn gjalda grimmilega þessara samfunda.

En draumgjafi minn, sendiboðinn, gerði ráð fyrir, að síðar yrði reynt að bjarga úr þessum stað, öllum þeim, sem bjargað yrði. Vonandi er, að sú hjálp berist í tæka tíð, áður en um of verður sorfið að vini draumgjafa míns (þeim sem fór inn í göngin dimmu), áður en honum verður gerð vistin þarna óbærileg með öllu, fyrir aðgerðir illmennanna, sem öllu virðast ráða á þessum stað.

Ef við, vinir og félagar, gætum átt hér einhvern hlut að máli til hjálpar með hugsun okkar og velvilja, þá væri það ekki lítilsvert. Góður hugur megnar stundum meira, en í fljótu bragði kann að virðast.

Ingvar Agnarsson

(Dreymt 6. desember 1984 og skráð undireins að loknum draumi). Lesið upp á fundi í Félagi Nýalssinna mvd. 2. janúar 1985.

MYR:

Snilliorð úr ljóðum Einars Benediktssonar.

Yfir grenndir alls hins kunna
orðsins helgi máli slær.

Yfir málms og moldar hljóð
máttkir hefjast orðsins varðar.

Snilldin fylgir Snorra máls
Snælands barni, er sjálft sig þekkir.

Hið fullkomnasta mál

Einn hinn merkasta atburð, ef ekki hinn almerkasta á þessu ári, (1985) tel ég vera stórfund Sverris Hermannssonar menntamálaráðherra, um íslenzka tungu, og hvað gera skuli henni til verndar og eflingar, á þeim tímum sem nú eru. Fundur þessi var haldinn í Þjóðleikhúsinu, og gat ég ekki eða hafði ekki dáð í mér til að koma, en mér hefur verið svo frá sagt, að vel hafi til tekizt. Það er mjög athyglisvert, að þegar einhver ráðamanna hreyfir réttu máli, er fylgið víst.

Nái að skapast hreyfing eða starfsemi út frá þessum fundi, tel ég víst að hún verði til vakningar hugsuninni og hinni réttu afstöðu til tungunnar á miklu fleiri vegu jafnvel en beinlínis verður unnið að í fyrstu. Ég er fyrir mitt leyti ekki í vafa um, að háskinn stafar ekki eingöngu af hinum erlendu fjölmíðlaáhrifum, heldur af deyfð og doda Íslendinga sjálfra, og ef því ástandi léttir af, er árangur vís. Framtak Sverris Hermannssonar er fyrsta skref í þá átt.

Umfram allt þarf að muna eftir þeirri málsögulegu staðreynd, að íslenzkan er enn sama mál og það sem skap- aðist í Noregi og á Norðurlöndum á áttundu öld, upp úr því eldra máli, sem nefnt hefur verið frumnorræna. Ég hygg að fullyrða megi að ekkert mál í Evrópu eigi sér slíka sögu, og að þessu leyti er tungan einstæð.

Ennfremur þarf að muna eftir því, að Rasmus Rask, sá sem uppgötvaði samband tungumála, lagði grundvöllinn að rannsóknnum sínum með því að læra íslenzku. Hún varð honum lykillinn að hinum indóevrópsku (arísku) frumrótum fjölmargra tungumála. En Rasmus Rask sagði að sér væri íslenzkan svo kær vegna þess að hann ætti auðveldara með að hugsa á henni en nokkru öðru máli. En það er nokkurnveginn hið sama og að segja að hún sé gott heimspekimál. Íslenzkan greiðir sjálfkrafa fyrir því að hugsunin verði ljós.

Í þriðja lagi hefur íslenzkan beinlínis verið kölluð hið fullkomnasta mál. Ég rak það ekki lengra að sinni, en undir því merki munum vér sigra.

Porsteinn Guðjónsson.

Eftirfarandi samþykkt var send Sverri Hermannssyni menntamálaráðherra um miðjan desember 1985.

Stjórnarfundur Félags Nýalssinna, haldinn 8.12.1985 vill láta í ljós þakklæti við þig, Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra, fyrir það frumkvæði sem þú hefur tekið um varðveislu og eflingu íslenzkrar tungu. Það er ósk okkar að þetta frumkvæði þitt hljóti almennan stuðning og beri varanlegan og öruggan árangur.

Það er álit okkar að með þessari byrjun sért þú að starfa í anda dr. Helga Pjeturss, en hann mat íslenzka tungu allra tungumála mest.

Undirritaðir:
Guðmundur Jónsson
Sveinn Haraldsson
Svava Jónsdóttir
Porlákur Pétursson
Porsteinn Guðjónsson
Ingvar Agnarsson.

MYR:

Úr ljóðum Einars Benediktssonar.

Ljómi hátt til hinzu daga
höggin rún á tímans gröf
þar sem eyþjóð yzt við höf
erfði konung máls og braga.

Ásgarðs heilög hirð, hún semur
hugarmenning Íslendinga.
Stigi fram á þrepum þings
þjóð, sem málið endurnemur.

Þorsteinn Guðjónsson:

Hvalir og menn

En ég held að benda mætti betur á það en gert hefur verið, að hugsun, hugsunarháttur og hugarfar, getur stundum orðið að sterkara afli en „raunsæismennirnir“ gera sér grein fyrir, — og að hvalfriðunarstefnan sé einmitt dæmi um það sem gerist, þegar slíkir kraftar losna úr læðingi.

Um hvalamálin og hvalfriðunarmálin þykir mér það ískyggilegast, ef Íslendingum skyldi verða á að vanmeta styrk náttúruverndarstefnunnar og láta tiltölulega léttvæga hagsmuni nokkurra útgerðarmanna og veiðimanna verða til að stórspilla fyrir því sem miklu meira virði er. Og þó að sjávarútvegsráðherra okkar sé óefað bæði duglegur og skyldurækinn maður, sem kynnir sér vel hin ýmsu sjónarmið, þá gæti verið að það sem virðist heilbrigð skynsemi hér heima, stæðist ekki í hinum stóra heimi og á hinum stóra markaði. Miklu meira kann að tapast en vinnast með því að ríghalda í hvalveiðarnar.

Betta sem nú var sagt hefur sjálfsagt þegar verið sagt og verður eflaust margsinnis endurtekið með ýmsum tilbrigðum næstu vikur, og segi ég betta einungis til að taka undir með öðrum. En ég held að benda mætti betur á það en gert hefur verið, að hugsun, hugsunarháttur og hugarfar, getur stundum orðið að sterkara afli en „raunsæismennirnir“ gera sér grein fyrir, — og að hvalfriðunarstefnan sé einmitt dæmi um það sem gerist, þegar slíkir kraftar losna úr læðingi. Það er að vísu auðvelt að velja hvalfriðunarmönnum nöfn hér heima, og prefa um rök þeirra. En það er ekki líklegt að menn komist nærrí kjarna málsins og því sem sköpun skiptir fyrir landið með því. Og þeirri röksemd hvalfriðunarmanna, að „víständaáætlun“ Íslendinga í þessu sambandi sé fyrirsláttur og yfirdrepsskapur einn, hefur ekki verið svarað með neinum rökum af íslenskri hálfu.

Til þess að girða fyrir stórslys eins og það, Íslendingar töpuðu fiskmörkuðum fyrir löngun sína til að veiða hvali, mundi það eitt nægja að rekja sögu hvalfriðunarhugsjónarinnar í réttu samhengi. Á fyrri hluta þessarar aldar var hér á landi uppi brautryðjandi náttúrufræðingur, sem alla sína vísindamannsævi — um 50 ár — mótmælti hvalveiðum mjög eindregið. Þessi náttúrufræðingur hélt einnig fram nýrri heimsspeki sem ósenileg þótti á þeirri tíð, svo ólíkleg að jafnvel aðrar rannsóknir sama manns voru um tíma látnar gjalda höfundar síns. Þetta var jarðfræðingurinn og líffræðingurinn dr. Helgi Pjeturss, og þarf sá sem þetta ritar varla að taka fram, að þeim sem reynt hafa hér á landi að taka upp merki hans, hefur nálega ekkert orðið ágengt, nema síður sé. En erlendis horfir málið dálitið öðruvísí við. Jafnt og þétt fer það vaxandi að vitnað sé til dr. Helga í ýmiss konar ritum og má þó segja, að ekki síður séu það málefni mjög skyld hans málum, sem unnið hafa verulega á.

Það er býsna eftirtektarvert, að þegar svo er komið að nafn dr. Helga er farið að rísa erlendis, skuli einnig hvalfriðunarhugsjón hans ná í sig afli. Það er eins og Íslendingar eigi að komast að því fullkeyptu í viðskiptum sínum við þennan brautryðjanda, sem þeir vildu ekki viðurkenna. Afl hugsana hans ráða þeir ekki við, þegar það kemur til þeirra úr annarri átt.

Vonandi átta ráðamenn okkar sig á því, að hvalfriðunar-málið er þeim ofurefli. Vonandi fara menn ekki að setja metnað sinn í það að halda dauðahaldi í hinar dauðadæmdu hvalveiðar. Það er meiri manndómur í því að snúa við af rangri leið en að halda áfram á henni metnaðarins vegna.

N.T.24.8.1985

Þorsteinn Jónsson á Úlfssstöðum.

Hversvegna framlífið er óhjákvæmilegt

Í grein minni „Framhald — ekki fráhvarf“, sem lesa má í bók minni „Lausn gátunnar“, held ég því fram, og geri reyndar víðar, að minninga- og sögugildi einstaklingsins geri framhaldslíf hans óhjákvæmilegt. Er sá skilningur minn það framhald, sem mér hefur auðnast að bæta við hina íslenzku heimspeki. Vegna heimsnauðsynjar þeirrar, sem mér hefur skilizt, að í varanleik einstaklingsins felist, þykir mér sem alheild lífsins hljóti að leggjast á eitt til þess, að hann, undireins eftir dauða sinn hér, endurbyggist til framlífs, þar sem skilyrði eru til slíks. Heldur hann þar svo áfram að vera „minning sem minnist“ eins og ég hef orðað þetta fyrir löngu. Skilningur minn á minninga- eða sögugildi einstaklingsins er undirstöðuskilningur, þótt hann mér vitanlega hafi ekki áður verið borinn fram á þann hátt sem ég geri. Og er hann hér því aðalröksemد míн fyrir óhjákvæmileik framlífsins.

I fljótu bragði virðist efinn um raunveruleik framlífsins. vera skiljanlegur þegar gætt er að ýmsum ástæðum. Dæmi fullkominnar endurbyggingar látins lifanda munu engin vera til í lífssögu þessarar jarðar. En vísat til endurbyggingar látinna lifenda hafa þó sannarlega átt sér stað hér á jörðu, þar sem er framkoma raunverulegra svipa. Gefa þeir vísar góðar ástæður til ályktana um, að slíkt geti átt sér stað til fulls, þar sem lífsþróunin er lengra komin fram en hér, en að slíkir staðir séu til er naumast ástæða til að efast um. Auk þess eru svo allar þær framlífssannanir sem fengist hafa fyrir miðilssambond og fleira slíkt. Og hér finnst mér nú að veigamestu rökin hafi verið fengin fyrir því, að „ég lifi og þér munuð lifa“ eins og sagt er að Jesús frá Nasaret hafi komist að orði. Þetta, að varan hvers vitundarlífs sem kvíknað hefur, sé heimsnauðsyn, gerir endurbyggingu þess örugga og óhjákvæmilega.

Voru Æsir ekki þjóðar leiðtogar í fornöld?

Það hefur verið almennt álitið, að Æsir hafi verið þjóðarleiðtogar í fornöld og þá í Svíaríki. Síðan hafi eftir þeirra dag færst trú yfir á þá.

Fyrir miðilsmunn er sagt: „Það hefur verið fyrir mörgum öldum fólk á jörðu ykkar, sem Æsir mögnuðu og það varð efni í framfarahæfa manntegund.“ (Baldur, 23. 1. '84)

Pessi orð benda til þess, að Æsir hafi aldrei sjálfir verið þjóðarleiðtogar á þessari jörð.

3. 2. '84
Gunnar Hjörvar.

Leiðtogar á framfaraleið.

„Voru Æsir ekki þjóðarleiðtogar í fornöld“ spyr Gunnar Hjörvar og svarar þessu þannig að svo hafi ekki verið.

Í „Á annarri stjörnu (1914-15) segir Helgi Pjeturss:

„En á Norðurlöndum var Óðinn. Óðinn þýðir hinn óði, sbr. að Gyðingar sögðu að Kristur væri óður. Á sagan af Ásum meira skyld við söguna af Kristi og postulunum en menn hyggja. En þó er ekki svo, að um neina stælingu sé að ræða...“

„Var fagurt samband með Óðni konungi og hofgoðum hans og hinum himnesku guðum er þeir nefndu Æsi. Seinna ófust saman sagnir af Ásum á himni og jörðu, guðum sem eiga heima á öðrum hnöttum og mönnum á þessari jörð...“

Pessi úrdráttur vona ég að geti skýrt málin fyrir mörgum, og greitt úr þessari vandleystu þraut, sem Gunnar Hjörvar hefur góðu heilli vakið máls á.


Þorsteinn Guðjónsson.

LÍFGEISLAR 125

Ingvar Agnarsson

Jörðin séð úr geimnum

Tunglið snýr alltaf sömu hlið að jörðu. Snúningshraði þess um sjálft sig er nákvæmlega einn hringur, á meðan það gengur eina umferð kringum jörðina. Þess vegna snýr andlitið á „karlinum í tunglinu“, alltaf eins við okkur jarðarbúum. Hvenær sem við rennum augum til þessa fylgihnattar okkar, þá blasir alltaf sama myndin við okkur. Ef tunglið snerist ekki um sjálft sig, mundum við sjá allt yfirborð þess smátt og smátt á einum mánuði.



Á myndinni sést jörðin í fjarska bera rétt við brún tunglsins. Myndin er tekin úr geimfarinu Appollo 17 í des. 1972 er það sveimaði umhverfis tunglið.

Skemmtilegt er, að nú geta menn séð jörðina frá tunglinu (eins og meðfylgjandi mynd sýnir). Menn hugsa sjaldan um jörðina sem lítinn hnött, einn af ótal slíkum, í endalausum geimi, þar sem stjörnugrúinn er svo mikill, að enginn mansheili gæti rúmað þau ógrynni. Það er spor fram á við, og víkkar sýn til stjarnanna, að lokur skuli mönnum hafa tekist að sjá jörðina, þessa fóstru okkar allra, úr slíkri fjarlægð, að hún sýnist sem ein meðal margra annarra slíkra. Jörðin er sem agnarögn í ríki himnanna, ein meðal ótal líkra systra. Við menn ættum, betur en áður, að láta okkur skiljast, hversu mikilvægt það er að efla bróðurhug okkar á milli og helst þyrftum við að vitkast svo, að unnt yrði að taka upp nánari sambönd við lengra komna frændur og vini, sem á öðrum stjörnum búa. Það er skref, sem stíga verður, ef mannlíf jarðar okkar á að komast á rétta leið.

Ingvar Agnarsson.

Sólgosin stórkostlegu.



Á sólinni verða stundum gos svo stórkostleg, að efnismekkir þeytast út frá henni upp í hæð sem nemur hundruðum þúsunda kilómetra. — Myndin hér að ofan er af einu slíku gosi. Aðeins er unnt að taka slíkar ljósmyndir við sólmyrkva.

Þorsteinn Guðjónsson.

Öldungurinn og afmæli hans

Þorsteinn Jónsson bóndi á Úlfsstöðum í Hálsasveit, Borgarfirði, verður níutíu ára þ. 5. apríl 1986, en það er laugardaginn eftir pásku.

Kona hans er Áslaug Steinsdóttir og hafa þau búið samfleytt á Úlfsstöðum frá árinu 1936, en bjuggu áður eitt ár í Geirshlíðarkoti í Flókadal.

Þau eiga dætur, barnabörn og barnabarnabörn, svo frændgarður ætti að vera nógur til að gera afmælið ánægjulegt.

Þó að Þorsteinn bóndi hafi verið tryggur við sína torfu í 90 ár, hefur hugur hans flogið víða.

„Hann er áreiðanlega skáld“ kallaði Helgi Pjeturss til kunningja síns úti á götu í Reykjavík, eftir að hann hafði séð sýnishorn af ljóðasmíðum þessa óskólagengna sveitamanns. — Og Þorsteinn Gíslason, Símon Jóh. Ágústsson, Jón Magnússon og Kr. E. Andréesson voru á sama máli — og margir aðrir. Um 1930-1940 litu margir til Þorsteins Jónssonar sem vaxandi skálds.

1921 lás Þorsteinn Jónsson Nýal (1.h.) í fyrsta sinn, og á hann því 65 ára Nýalsafmæli um líkt leyti og 90 ára aldursafmæli. Frá þeim skilningi sem hann þá öðlaðist hefur hann ekki horfið síðan, heldur sífellt bætt við. 1939 skrifaði hann og birti umsögn um Ennýal.

1940 kom út bókin Samtöl um íslenska heimspeki.

1948 skrifaði Þorsteinn smágrein að nafni „Til lesenda Nýals“. Birtist sú grein í tveim dagblöðum, leiddi til þess að fundur var haldinn, en sú hreyfing hélt áfram uns Félag Nýalssinna var stofnað á gamlársdag 1950.

Þorsteinn Jónsson hefur jafnan síðan verið sá sem Nýalssinnar hafa getað sótt traust til í heimspekilegum efnum. Engir eiðar eða skylda til undirgefni hafa tilkast meðal Nýalssinna, en mönnum hefur verið ljóst að það sem Þorsteinn taldi sig vita með vissu var fengið með aðferðum vandaðs manns. Traust manna á honum hefur verið varanlegt og farið vaxandi.

Án Þorsteins Jónssonar er vafasamt að hreyfing Nýalssinna hefði getað orðið langlíf.

Sá sem þetta ritar er í tengdum við Þorstein og fjölskyldu hans. En ég leyfi mér að telja aðdáun mína á verki hans nokkuð óháða því, og ég hafði þegar á unga aldrí lesið vandlega bæði ljóð, laust mál og heimspeki frá hans hendi.

Óskandi væri að sem flestir fylgjendur málefnis Nýals gætu látið það koma skýrt í ljós á afmæli hans hvers þeir meta hann.

Húsakynni eru rúm á Úlfsstöðum, og Áslaug og dætur hennar eru vanar að taka á móti gestum.

Þorsteinn Guðjónsson

Halastjarna Halley's og aðrar stjörnur

Sjónvarpsþáttur sem sýndur var í desemberbyrjun um halastjörnu Halley's var mjög athyglisverður, og væri fróðlegt að vita hversu margir hafa horft á hann, ef kannað hefði verið. Halastjarnan er enn ekki orðin að þeirri skrautsýningu í himingeimnum, sem summar halastjörnur hafa stundum orðið. En verði hún nógu björt, má búast við að ýmsir fari út að horfa sem eru fremur jarðlútur en upplitsfúsir allra jafna. Vist er um það, að á öllum öldum hefur almenningur jafnt sem fræðimenn veitt halastjörnum hina mestu athygli og héldu margir að þær sýndu að Guð væri reiður mönnunum og vildi leggja á þá refsídóma — og má vera að úr sverðlögun stjörnunnar hafi verið lesið eitthvert táknmál. En þó var það nokkuð misjafnt eftir aldarfari hve langt menn gengu í þeim efnum. Í sögu Hákonar konungs gamla (eftir Sturlu Þórðarson) er sagt frá „Sýn konungs“ með þessum orðum:

„Konungur gekk um kveld eitt út, ok var hreinviðri á. Hann sá undarlega stjörnu, miklu meiri en aðrar ok ógurlegrí, ok af sem skaft væri. Konungr lét kalla til sín meistara Vilhjálm, ok er hann kom ok sá stjörnuna, mælti hann: „Guð gæti vor. Þetta er mikil sýn. Þessi stjarna heitir kómeta ok sýnist fyrir fráfalli ágætra höfðingja, ella fyrir stórum bardögum.“

Pó að hjátrú sé í þessari frásögn, eins og öllu sem ritað var um halastjörnur á hinum myrku miðoldum, eigum við hinum ágæta rithöfundi Sturlu Þórðarsyni það að þakka, að táknrænar útlistanir verða þarna ekki lengri. En Sturla mun hafa verið þó nokkuð að sér um stjörnurnar á grunni þess sem íslenzkir ví sindamenn höfðu áður fundið, (Sbr. vínsuna: Norðr líkar þeim allt at auka.. yðvart vald.. und leiðarstjörnu) og er greinilegt að íslenzkt vit er þarna betra en samtíma evrópskt.

Það vitlausasta sem ég hef getað fundið um halastjörnur í íslenskum bókmenntum er frá sautjándu öld eins og vænta mátti, eftir galdraofsóknamanninn séra Pál í Selárdal (um 1685) og er það einmitt um sama leyti og Edmund Halley er að komast á vísindaleiðina með rannsóknum varðandi halastjörnu þá sem við hann er kennd. Orð séra Páls eru ekki eftir hafandi, enda varð svo að óttinn við halastjörnur fór stórminnkandi, þegar menn fóru að vita hvað þær voru. Smáhræðsla sem greip eithváð um sig 1911, þegar Halleys-stjarna kom síðast, var aðeins svo sem endurómur múghræðslunnar á fyrri oldum, og margir keyptu sér sjónauka til að skoða sem bezt. Vonandi er að hræðslan grípi ekki verulega um sig í þetta sinn – þrátt fyrir stjörnuspádóma blaðanna, og alls konar táknespeki um hringi og þríhyrninga, sem nú þrífst og dafnar eins og maðkar í skemmdu mjöli.

Í sjónvarpsþættinum sem sýndur var, og um margt var merkur, brá þó fyrir furðulegum villum varðandi vísinda-sögu, og má vera að frumtexta hafi verið um að kenna, en þó hefði þýðandi átt að geta bætt þar um. Það liggur því miður í landi hjá oss Íslendingum að allt sem kemur frá útlöndum hljóti að vera gullvægt, og að íslenzkt vit sé helzt ekki til. Af því sem þarna var nefni ég aðeins að sagt var að Jóhannes Kepler (1571-1630) hefði uppgötvað að jörðin gengur umhverfis sól. Þó að verk Keplers sé eitt-hvert hið ágætasta sem um getur í sögu vísindanna, hefði hann sjálfur síðastur manna kallað þetta sína uppgötvun. Kepler hafði einmitt orðið að sverja Tycho Brahe þess dýran eið að nota ekki mælingasafn hans til stuðnings kenningu Kópernikusar. Tycho var frábær mælingamaður en enginn heimspekingur eða vísindafrömuður, og hann bjó til gervikenningu um sólhverfið til þess að komast hjá því að styðja Kópernikus. Það er mjög athyglisvert hvaða rökum Tycho beitti gegn Kópernikusi: Því, (sem er alveg rétt) að fari jörðin hálfan hring um sólu á hálfu ári, ætti að sjást mikill afstöðumunur miðað við nálæga hnerti úti í geimi. En þessu svaraði Giordano Brúnó þannig, að fastastjörnurnar væru alls ekki nálægir hnettir, heldur brennandi sólir í firnavíðum geimi. Auðsætt er hvað Brúnó hefur skarað fram úr hinum mikla mælingameistara að því er vísindaskilning varðar.

Annað sem sýnir muninn á vísindum Brúnós og Tycho Brahes var þetta: Tycho hafði af mikilli list mælt göngu halastjarna nokkurra og reiknað braut þeirra. Þá benti Brúnó á að hinar útreiknuðu brautir gengu í gegnum *kristalshvel* þau sem trúað var á, og mundu þau engin til vera. En Brúnó er meðal annars kunnur sem maðurinn sem molaði *kristallshvelin* og skildi að *alheimurinn er óendanlegur*.

Hallys halastjarnan



Myndin sýnir Halleys halastjörnuna eins og hún leit úr er hún nálgædist sólinu árið 1910.

I.A.

„Himinfestingin,“ „jarðkringlan“ og dýrið hans Hafþórs.

Þó að lýsing Hafþórs Júlíussonar á dýrinu stóra og afar óþekkilega, sem fyrir hann bar í fyrravetur, svo honum varð felmt við (NT 26. 10. '86) sé annarsvegar greinagóð og nákvæm, gæti hið bókmenntalega orðskrúð, sem barna bregður fyrir innan um, villt fyrir mönnum um það, að þarna er raunveruleg reynsla á bak við. Eða mér þykir ólíklegt annað en að svo sé. En þar sem Hafþór snýr sér til vísindanna um skýringar, er þess fyrst að geta, að orðið „himinfesting“ sem hann notar endurtekið í grein sinni, ber ekki vott um vísindalegra hugarfar, en t. d. „jarðarkringlan,“ sem á síðari árum hefur oft mátt sjá bregða fyrir í máli þeirra sem umfram allt vilja komast hjá því að hugsa út fyrir hnöttinn.

Þó nokkur orðfimi kemur fram í lýsingu Hafþórs á væntanlegum viðbrögðum sálfræðinga við reynslu hans, en það sem réttlætir gagnrýnina er sá átakanlegi skortur á skýringum helztu fyrirbæra sem sú fræðigrein hefur hvað eftir annað opinberað — og er þetta reyndar mörgum sálfræðingum ljóst. Rangar skýringar og tilraunir til að breiða yfir staðreyndir hafa vaðið þar uppi, og fer ekki hjá því að góðum fræðimönnum hefur þótt það miður, en of fáum þeirra hefur verið ljóst að betri skýringa er völ.

Um dýrið óþekkilega er það í fyrsta lagi að segja, að þar sem manninum finnst endilega að það hljóti að vera til, þá hefur hann líklega rétt fyrir sér. Í öðru lagi má fullyrða að það dýr á sér hvergi vísa tilveru „á jarðarkringlunni undir himinfestingunni“ — heldur er það á öðrum hnetti, og sást fyrir samband við einhvern sem horfir á það þar. Dýr þetta er viðfangsefni stjörnulíffræðinnar, sem því miður er enn á frumstigi hér á jörð.

Um aðra þætti í reynslu Hafþórs sem bryddir á í frá-sögn hans ætla ég ekki að segja neitt að sinni, en hann mætti reyna að íhuga vandlega þá skýringu sem hér er bent á, að vita hvort hann losnar ekki betur við endur-minninguna um hið ógeðfelta dýr með því að líta þannig á.

25. 11. 1985.
Porsteinn Guðjónsson.

Ingvar Agnarsson

Efling góðvildarinnar

Nýalssinnar (og raunar mjög margir fleiri) hafa mikinn hug á að efla guðasambönd við lengra komna lifendur annarra stjarna.

Engin samtök geta þrifist án gagnkvæmrar vináttu þátttakenda. Þetta á ekki síst við um samtök Nýalsinna. Samtök þeirra byggjast beinlínis á vináttu þeirra og góðvild hvers til annars, auk nokkurrar þekkingar á því málefni, sem barist er fyrir. Vinátta skapar samstillingu og án samstillingar verður ekki náð því marki sem stefnt er að.

Í mannfélögum, þar sem rétt stefnir, er góðvildin algjör, hún nær til alls og allra, án undantekninga. Góðvild hinna lengra komnu til alls hins ófullkomna leiðir til þess að takast megi að breyta um stefnu, þar sem illa horfir, eins og á okkar jörð.

Til þess að geta orðið samtaka hinum lengra komnu, í guðlegri viðleitni þeirra til mannlífsbóta, verðum við að rækta góðvildina í eigin brjóstum hvert til annars og til alls sem lifir í návist okkar.

Sannur Nýalsinni elur sér í barmi þrá til nánara sambands við lengra komna lifendur og væntir þess, að hér verði breytt um stefnu frá því hörmungarástandi, sem nú ríkir víða um heim.

Sönn vinátta og góðvild er ein af undirstöðum þess að því marki verði náð.

Ingvar Agnarsson

Hamingja Íslands

- 1) Íslands hamingju hjól
oss hefji til bláhimins sala,
ljúfust hver lífstefnuþjóð
lífs veitir geislandi mátt.
- 2) Fjötraður Frónbúans hugur,
nú frelsist frá helheima oki,
lyftist til ljósheima önd,
leiðin þá greiðast mun skjótt.
- 3) Leitum til hæða um hjálp,
án hennar vér ei fáum snúið
trausta á lífstefnuleið,
langt burt frá helheima slóð.
- 4) Útvalin eyþjóð í hafi,
skal upphefjast hátt yfir vonsku
alla, sem heimurinn ól
upphafi veraldar frá.
- 5) „Böls mun alls batna“ á foldu
er blessandi lífgeislar hlýir
streyma frá stjarnheima drótt
styrkjandi afvana lýð.
- 6) Leiftur frá lífheima hvelum,
mun lýsa oss veginn til frama.
Magnþrungin menningar-þjóð,
markmiði æðsta skal ná.

Kristín M. J. Björnsson

Stjarnan

Stjarnan í austri, stjarnan við ský,
stjarnan er lífsdrauminн vekur á ný,
leið þín er fögur, friðsæl og björt,
fagnandi mannssá�ir hylla þig ört.

Eða'er þín fugurð, framleidd við gný?
Feiknstafi miljóna, dulheimi í?
Þú ert þó ljós í lífgeisla mergð,
leyf mér að fylgja þér hvert sem þú ferð.

Stjarna' allra átta, stjarnan svo hrein,
stirnir á ljós þitt í Hels akurs rein;
áfram þú brunar, blessandi drótt,
boðar hér lífgeisla á svörtustu nótt.

Heilaga stjarna, þitt heilaga stríð
háir þú vonglöð við myrkranna lýð;
Sigurviss ljómar litrik og há
lífgeislamóðirin draumhimni á.

Himnanna hvelfing hylur svo margt,
hví ertu' að dylja þitt ljósheimaskart?
Er það af því að alvitur Guð
ætlar oss skapandi starf: Lífsfögnuð.

Himnanna stjörnur, hópsystra mergð,
hraðið þér yður á svimandi ferð,
jarðbúans löngun er: ljósgeislamið,
lyft vorum sálum í eilífan frið.

Heilaga stjarna, hylur þú alt
hjartað sem þráir svo margþúsundfalt,
eru þeir hjá þér, ástvinir manns,
eitt sinn er mistum við, börn kærleikans?

Hver og ein lífsvon, hér á jörð fædd
hjá þér mun rælast af lífbylgjum glædd;
sannleikans Guð og kærleikans Krist,
kjósum við börn þín í friðarins vist. 21. 1. '85.

Að sitja kyrr í loftinu.

— Draumur

I.

Mér þótti ég vera staddur í garði einum að húsabaki. Eitthvað var þarna af fólk. Ég stökk upp í loftið og sveif upp, hærra en húsin í kring. Svo lét ég mig svífa hægt til jarðar aftur. Ég endurtók þetta nokkrum sinnum og mér fannst nokkuð til koma, að ég skyldi geta þetta.

Nú þótti mér margir menn koma inn í garðinn. Þeir gengu þvert yfir hann og inn í eitt húsið, allir nema einn. Hann stansaði nálægt mér. Þótti mér hann vera verkstjóri yfir mönnunum, sem fóru inn í húsið.

Maðurinn fór að tala við mig um svif, og mælti á þessa leið: „Fyrir löngu var ég að æfa mig í að svífa og var mér farið að takast það sæmilega. Nú hef ég ekki reynt það lengi. En alltaf hef ég gaman af að horfa á svif annarra”.

Nú fann ég að eitthvert afl gagntók mig og ég lyftist upp, en þó aðeins rétt frá jörðu. Þarna var ég kyrr í loftinu í einskonar sitjandi stöðu, rétt hjá manninum. Við héldum áfram að tala saman og hann horfði á mig og fylgdist með mér. Ég sagði við hann: „Þú sérð, að nú sit ég hérrna í loftinu alveg kyrr og mér finnst það merkilegt að ég þarf ekkert fyrir þessu að hafa, eins og ég þarf þó venjulega. Nú þarf ég ekki að einbeita huganum.”

„Það er ekki svo undarlegt”, mælti hann, „því ég er hérrna hjá þér og ég ræð yfir mörgum mönnum”.

Draumurinn varð ekki lengri og vaknaði ég frá því, að sitja þarna kyrr í loftinu.

II.

Í svifdraumum finn ég stundum fyrir því, að ég nýt aðsendar orku til að geta svifið, auk eigin hugareinbeit-

ingar. Í þessum draumi kemur vel í ljós, að orkan er aðsend. Viðmælandi draumgjafa míns mun hafa verið orkumagnaður og hann magnar draumgjafa minn svo, að hann getur setið kyrr í loftinu, án þess að þurfa sjálfur að beita eigin hugarorku að ráði. Vel kemur og í ljós, að þessi viðmælandi hefur verið sér meðvitandi um orku sína, því hann lætur það beinlínis í ljós með orðum sínum, enda munu mannaforráð geta leitt til magnanar jafnvel á okkar jörð.

*Ingvar Agnarsson
(Dreymt 24. mars 1983).*

Tvær sólir á lofti

Góður draumur

Mig dreymdi, að ég væri ásamt mínu fólki á fundi nokkrum, ég held sæmilega sóttum og vel heppnuðum. En þegar við vorum að fara út sé ég mann sem mér þykir vera Guðmundur Einarsson, verkfræðingur og vík ég mér kunnuglega að honum. En hann tekur því vel, og var eins og hann hefði átt einhvern þátt í því, að þessi fundur var haldinn. „Þetta verður að fara að ganga“ þykir mér hann segja. Var eins og fælist í því, að þetta málefni væri okkur sameiginlegt, og einnig, að honum væri þó nokkuð niðri fyrir.

Næst þykir mér ég vera kominn, ásamt fjölskyldu minni, á leið upp í Borgarfjörð, en nú var mynni Hvítár og neðstu drög orðið breytt frá því sem er, því áin féll þarna í fossum, ekki mjög háum þó og gljúfrum, ekki mjög djúpum og þó á berum klöppum. Nokkru ofar þótti mér hafa

verið sprengt eða hlaðið til að fá fallhæð á vatnið, en ekki sá ég nein virkjunarmannvirki. Ég var nú orðinn einn en mitt fólk var víst við bílinn einhversstaðar. Þá sé ég flokk hermannar, eitthvað 30-70 manns sem var þarna að einhverskonar æfingum eða yfirferð, og voru undir stjórn. Ekkert skipti ég mér af þeim. Ekki fann ég þó að mér væri illa við þá, en var víst heldur lítið um veru þeirra þarna gefið, og vildi helst óska þeim burt. Ég var þarna á klöppinni við ána og skyndilega verður mér litið til sólar, þar sem hún skein í heiði háu. Enn verður mér litið til sólar, næst háhimni og er þar þá enn sól og fór ég nú í huganum að gera því skóna, að þarna væri hin rétta sól, en hin hefði aðeins verið „hjásól“ eða loftspeglun, enda sá ég hana nú útundan mér, mun daufari en hina. (Þessi hugrenning hefur efalaust verið frá mér sjálfum, og munu tvær sólir verið hafa). Mig undraði hve skært og fagurt sólin skein. Að sjá slíka sól skína fannst mér vera líkara lífi en vanlífi. Og allt í einu lýstur niður þeirri hugsun hjá mér, að mig sé að dreyma, og viti nú í annað sólhverfi, og geti þannig aflað vitneskju. Og enn fylgdi þessu sú hugsun, að með því að við draumgjafi minn og ég, vissum nú hvor til annars, hvor á sinni jörð, mundum við geta óskað hermönnunum burt, og myndi hvort stuðla að öðru, þannig að hvort-tveggja yrði framkvæmanlegt. Þessi hugsun gagntók mig, og í því vaknaði ég og „bótti betur dreymt en ódreymt“.

Séu þeir einhverjur sem vildu sameinast okkur hér um þessa ósk, sem byggð er á draumsambands-mætti, og alveg til hliðar við öll stjórnsmál, þá skyldu þeir óska þess, að fleiri draumsambönd náist við hnöttinn þar sem tvær sólir komast hátt á loft, og þar sem það fer saman, að skilningur á eðli drauma er kominn fram, og að einhverjur þeir sem hann aðhyllast eru mótfallnir dvöl herliðs í landinu. Vita skyldu menn það, þar sem máttur draumsambandsins nær að eflast er engin þörf á hervörnum af neinu tagi. Lífaflsvæðið bægir öllu hernaðarlegu og helstefnulegu frá því landi, þar sem þekkingin nær að eflast og alveg sérstaklega, þekkingin á draumsambandinu.

Þorsteinn Guðjónsson.

Miðill: Sveinn Haraldsson.
Fram kom: Ónefnd íslensk kona.

Kona.

Sælir.

Já, margar konur aðrar hér íslenskar, margar stórgáf-aðar.

Það hefur sína þýðingu, hver maður, hvert hugsun hans beinist og breytni og hefur það ekki einungis áhrif á hans framtíð, heldur getur það haft áhrif á líf annarra, eins og ekki þarf að fjölyrða um. En einstaklingurinn, hver (einn), getur göfgað sig og jafnvel fleiri en sjálfan sig og þannig stuðlað að fullkomnara og fegurra lífi og heimi. Það, hvernig hver hugsar og breytir er höfuðatriði, og það sé í rétta átt.

En nú þegar ég tala þetta til ykkar, þá bregður fyrir leiftri skyndilega, ákaflega skæru ljósi, björtu ljósi. Það eru margar verur, sem þar eru að birtast skyndilega og allar eru þær stórkostlega fagrar og bjartar ásýndum. Það er hreyfing mikil. *Allar þessar verur tala íslensku, afar fullkomna og fagra íslensku, og hafa þær áhrif á málfar Íslendinga eða vilja hafa, efla það og fullkomna. Það eru æðri verur frá vitheimi. Þar eru sólir ofurbjartar. Stjörnubúar þessir hafa vald á geislum slíkum, er megna að flytja vetrarbrautir.*

Það skuluð þið vonandi finna, það er sterkur kraftur þaðan. Magnanin þaðan mun verða ykkur veitt.

Og þakka svo fyrir.

Verið sælir.

Gunnar Hjörvar
(ritað eftir segulbandsupptöku)

Miðill: Sveinn Haraldsson.
Fram kom: Eggert Ólafsson.

Eggert.

Það eru Íslendingar hér framliðnir margir úti staddir upp til fjalla í björtu sólskini. Horfum hér yfir víðáttumikið og fagurt landslag. Petta eru jarðfræðingar og náttúrufræðingar hérna .

Ertu Eggert Ólafsson?

Jæja, sá er nú maðurinn réttnefndur.

En þetta eru vinir mínir og við erum að rannsaka hér fjöll og náttúru. En ekki ætla ég nú að fara að reyna að segja ykkur mikið um það núna, en það væri mjög gaman síðar að segja meira frá rannsóknum jarðfræðilegs eðlis og náttúrufræðilegs eðlis af ýmsu tagi ef skilyrði væru til slíks að koma nú fram gegnum miðil. En það eru hnöttirnir að mörgu leyti svipaðir margir þó munur ævinlega í náttúrunni einhver og allsstaðar eitthvað nýtt hægt að rannsaka. En ég hugsa nú til þess liðna og hvernig var að vera á ykkar jörð. Það reynist ekki neitt þurkkast út heldur eru allar minningar varanlegar í vitund manns jafnvel þúsundir ára og lengur þó. En minningar, ekki eru þær nú ævinlega skemmtilegar og bjartar og þó lærdómsrík reynsla. Ég veit skil á góðu og illu. Eftir að á aðra jörð var komið mætti ég merkasta fólk og það undraði mig stórlægla glæsileiki lífsins. Jarðnesks og líkamlegs eðlis var sú tilvera svo nákvæmlega sömu lögmálum háð um svefn og vöku og aðrar líkamlegar þarfir og andlegar að ekki var verulegur munur þar á er frá var horfið. Það var mér sem náttúrufræðingi gleðiefni.

Komuð þið hjónin fram á sama stað?

Það var enginn aðskilnaður heldur fengum við að vera saman eins og áður hafði verið. Það var dásamleg staðreynd svo dásamleg að ekki verður með orðum lýst. Raunar undraði okkur æ meir er lengra leið, á möguleikum hins nýja lífs. Og nú hef ég séð tilverustig lífsins á fjölda hnatta. En ekki er ég að segja að allt sé fullkomandi allsstaðar. Til eru tilverustig helstefnunnar og ömurleikans og ófullkomnunarinnar í hryllilegustu myndum. Þar sem síst hefur tekist að hefja efnið á æðra stig fullkomnar.

Ertu búinn að búa á mörgum hnöttum?

Ég hef ekki átt heima á mörgum hnöttum. Eigi að síður hef ég kynnst mörgum og heimsótt og fjarskynjað þangað. Furðulegri og stórkostlegri framfarir eiga sér stað sumsstaðar en unnt er að lýsa í stuttu máli á framfararhnöttunum og það er nauðsyn að stilla til sambands við slíka hnetti fyrir frumlífið.

Ég á ekki auðvelt með að segja meira. Pakka fyrir.

Verið sæl.

23.11.'81.

Gunnar Hjörvar
ritaði eftir segulbandsuptóku.

Sambandstal í einrúmi.

Bjarni Benediktsson, komdu sæll.

Nú ætla ég að reyna að segja nokkur orð, og er ég að hugsa til ykkar stjörnu og vildi ég geta ýmislegt sagt ykkur.

Nú líkar mér lífið vel, ánægður með það yfirleitt, og nú er ég að verða öflugur og það er mjög mikilsvert. Ýmislega hef ég verið að reyna að skilja fyrra líf mitt betur, og er það nauðsynlegt, er maður hefur hug á því að stefna í framlífi í framfaraátt.

Hugarfarið er mjög misjafnt hjá hinum ýmsu einstaklingum í frumlífí.

Hugsun mannsins er þokkennd og vitið lítið, það sem er held ég nauðsynlegt er að auka mannlegan skilning og vit.

Já, ef jarðarbúar vissu um eðli lífsins og tilgang þess, og vissu um lífsamband við aðrar stjörnur, gæti skapast möguleiki til að koma vitinu fyrir þá.

Mannshugurinn er merkilega skapandi þegar hann er best rannsakandi.

Talsvert erfitt nú að koma minni hugsun skýrt fram í þetta sinn. Það þykir mér mjög nauðsynlegt að ég geti náð betri tökum og ég gæti sagt við þig margt er ég hugsa. Heimskunni er erfitt að skilja sannleikann sem liggur þó beint við eins og H.P. benti á, en sem enn er þó eigi treyst til gagns.

Ill öfl eru það vissulega sem valda böli mannkynsins. Þetta vissi Helgi og skildi nauðsyn þess, að beina öllum mætti alls mannkyns að því að sigrast á illum áhrifum.

Mjög ískyggilega virðist horfa fyrir mannkyninu nú þegar styrjaldarhættan magnast, og er þörfin á stefnubreytingu mikil. Það eru nógur hætturnar þó að eigi beiti menn hugviti og kröftum í ranga átt. Það þyrfti vísindalegan skilning á eðli lífsins til þess að maðurinn lærði að stefna í rétta átt.

Þessi sigur vísindanna er þegar unninn og er það íslenskur sigur, og H.P. er sá, er þann sigur vann. Einsog böл jarðar er þungt, eins verður léttirinn mikill er menn-irnir taka upp lífstefnu. Sú mikla breyting er af einum toga spunnin, ég er nú miklu betur farinn að skilja þessa hluti. Áður en ég kveð nú í þetta sinn vil ég vona að mér fari að takast betur að koma mér hér við, þakka vinur, vertu sæll.

Sveinn Haraldsson.

(Ritaði jafnóðum hverja setningu).

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, 121 Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Reikistjarnan Merkúr (Sjá forsiðumynd) I.A.	- 110
Hellar og menn á öðrum hnetti. I.A.	- 111
I. Draumsaga.	- 111
Tilgangur farar. — Hellirinn mikli. — Gangarnir löngu. — Vinsamleg viðvörun. — Aftur í hellinum stóra. — Jarðarmenn hér. — Jarðarmaður, vinur minn. — Hinn illi „maður“. — Hinir illu straumar. — Konan dökkklædda. — „Orsök ógæfu minnar“. — Átta hundruð ára dvöl. Útrýming haturs getur bjargað. — „Konan á líka bágð. — Upphaf hugarsbreytingar. — aftur til starfa.	
II. Umsögn um framanskráðan draum.	- 118
Hið fullkomnasta mál. Þorsteinn Guðjónsson ...	- 120
Hvalir og menn. Þorsteinn Guðjónsson	- 122
Hversvegna framlífið er óhjákvæmilegt. Þorst. Jónsson á Úlfssstöðum.....	- 124
Voru Æsir ekki þjóðarleiðtogar í fornöld. Gunnar Hjörvar.	- 125
Leiðtogar á framfaraleið. Þorsteinn Guðjónsson. .	- 125
Jörðin séð úr geimnum. (Með mynd). I.A.	- 126
Sólgosin stórkostlegu (Með mynd). I.A.	- 127
Öldungurinn og afmæli hans. Þorsteinn Guðj.s. .	- 128
Halastjarna Halley's og aðrar stjörnur (Með mynd). Þorsteinn Guðjónsson	- 129
„Himinfestingin“, „jarðarkringlan“ og dýrið hans Hafþórs. Þorsteinn Guðjónsson.	- 132
Efling góðvildarinnar. I.A.	- 133
LJÓÐ:	
Hamingja Íslands. I.A.	- 134
Stjarnan. Kristín M.J. Björnsson	- 135
DRAUMAR:	
Að sitja kyrr í loftinu. — Draumur. I.A.	- 136
Tvær sólir á lofti. Draumur. Þorsteinn Guðj.s.	- 137
SAMBANDSFUNDIR:	
Fyrir miðilmunn. (Miðill: Sv.Har., ritari:G.Hjv..	- 139
Rósa Hjörvar. — Ónefnd íslensk kona. — Eggert Ólafsson.	
Sambandstal í einrúmi. Sveinn Haraldsson	- 143
Bjarni Benediktsson.	
MYR:	
Snilliorð úr ljóðum Einars Benediktssonar	- 119
Úr ljóðum Einars Benediktssonar	- 121